



Skýrsla framkvæmdastjóra ÆSKP

Starfsárið 2019

ERLENT SAMSTARF

Aðlafundur European Fellowship fór fram á Íslandi dagana 29. -31. mars. Venjan er að aðildarfélög EF skiptast á að halda fundinn og var að þessu sinni komið að Íslandi. Fundurinn var haldinn í Háteigskirkju sem mældist vel fyrir. Góð þátttaka var á fundinum en tvísýnt var með mætingu erlendra gesta vegna falls WOW air. Þá voru stjórameðlimir ÆSKP mjög sýnilegir á fundinum og tóku virkan þátt í að gera fundinn og ferðina til Íslands eftirminnilega fyrir gestina.

Sigurður Óskar hóf þriðja árið sitt í stjórn EF sem Activities Coordinator og sér um að ritstýra fréttablaði félagsins og vera tengiliður félagsins við meðlimi. Helstu áskoranir EF á þessu starfsári hafa verið færa reikninga félagsins til Bretlands en þar sem félagið er ekki með starfsmann eða fast aðsetur þarf formaðurinn hverju sinni að sjá til þess að skrá félagið í sínu landi og opna bankareikning. Þetta er óhentugt fyrirkomulag sérstaklega í ljósi Brexit og leitar stjórn EF nú framtíðarlausnar sem einfaldar þetta fyrirkomulag.

Tveir viðburðir voru á vegum EF 2019 annarsvegar BE1 Ecumenical Course sem fór fram í Búdapest 17. – 20. Janúar. Þátttaka á BE1 er að aukast á milli ára og mikil ánægja er öllu jafnan með námskeiðið. Enginn þátttakandi fór frá Íslandi. Hinsvegar fóru tveir fulltrúar frá Íslandi á Easter Course 2019 sem var haldið í Wales í samstarfi með Fimcap. Þemað var ‘Agree to Disagree’. Að þessu sinni voru alls 35 þátttakendur frá 10 löndum. Á námskeiðinu var einnig fluttur fyrirlestur sem hefur farið víða á Bretlandi að undanfögnu sem ber heitið No Outsiders og voru þátttakendur sérstaklega ánægðir með þann hluta.

Eitt af markmiðum ÆSKP er að opna möguleika íslenskra ungmenna til að kynnst

ungmennum í kirkjustarfi á erlendum vettvangi og viljum við því enn og aftur hvetja aðildarfélögin okkar til þess að senda þátttakendur á þau námskeið sem eru í boði. Auk þess sem við getum haft milligöngu um alþjóðleg samstarfsverkefni ef áhugi er fyrir hendi hjá einhverjum æskulýðsfélögum.

KIRKJUÞING UNGA FÓLKSINS

Kirkjuþing unga fólksins (KUF) var haldið dagana 25. og 26. maí. Að þessu sinni stóð þingið í tvo daga þar sem mörg mál lágu fyrir auk þess sem þingfulltrúar hafa kallað eftir því að þingið fái rými og tíma til að vinna málin enn frekar.

Segja má að þingið hafi slitið barnsskónum en þingið í ár var það 14 í röðinni. Síðan árið 2008 hefur þingið verið árlegt og því komin heilmikil reynsla á þennan flotta viðburð. Mikil vinna og metnaður liggur að baki þinginu en alls lágu fyrir 12 mál. Hvert prófastdæmi á tvo fulltrúa sem sitja þingið.

Dæmi um mál sem fóru fyrir þingið var tillaga um að Kirkjuþing hið almenna verði pappírslaut fyrir árið 2020, ferðalög starfsmanna kirkjunnar verði kolefnisjöfnuð, að Kirkjuþingi hinu almenna verði streymt í beinni útsendingu á netinu á meðan þingið fer fram. Eru þessar tillögur mjög í takt við fyrri mál á KUF sem hefur kallað eftir öflugri umhverfisstefnu kirkjunnar. Þá kallaði kirkjuþing ungafólksins einnig eftir því að biskupsembættið að opni æskulýðsmiðstöð og skoraði jafnframt á biskupsembættið að skipa æskulýðsprest. KUF lagði fram ályktun um sérstakt sóknarprestanám og að sóknir skuldbindi sig til þess að nýta fræðslu frá Samtökunum 78.

Forseti KUF var kosinn Berglind Hönnudóttir og varaforseti var María Björt Guðnadóttir . Kristján Ágúst Kjartansson og Ása Laufey Sæmundsdóttir voru verkefnastjórar þingsins og sáu um undirbúning og framkvæmd í samstarfi við fulltrúa á Biskupsstofu og framkvæmdastjóra ÆSKP.

GLEÐIGANGAN

ÆSKP tók í sjötta sinn þátt í gleðigöngunni þann 17. ágúst. Í ár var ákveðið að byggja opna partý kirkju og draga með okkur í göngunni. Jónína Sif lagði til gamla hestakerru sem var umbreytt í kirkju með töluverðri smíðavinnu. Stjórnin kom svo saman og málaði kirkjuna og fínþussaði atriðið. Hugmyndin var að senda þau skilaboð út að kirkjan væri opin og innan

hennar séu allir jafnir. Þessu var ákaflega vel tekið og fékk verkefnið mikla athygli innan kirkjusamfélagsins sem og utan þess.

Á göngudaginn sjálfan var mikil stemning í leiðtogahópnum og það var virkilega ánægjulegt að sjá hve margir tóku sér stöðu með ÆSKP og gengu með vagninum okkar. Úr hljómflutningsgræjunum ómuðu „Sunnudagaskólalög“ í bland við aðra músík og var eftirtektarvert hve vel gestir göngunnar tóku undir þegar lög á borð við Djúp og breið ómuðu um Skólavörðuholtið. Í ár voru enn fleiri prestar og biskupar en árið á undan. Fleiri og fleiri eru farnir að taka daginn frá með góðum fyrirvara til að geta tekið í gleðinni og er það vel.

Þá er skemmtilegt að minnst á að venjulega er ÆSKP eitt af þeim allra fyrstu félagsamtökum sem skráir sig til þátttöku, svo var einnig í ár, nema hvað að skráningin skilaði sér ekki til stjórnar Hinseginadaga. Þegar síðasti dagur skráningarinnar var runninn upp og stjórn Hinseginadaga varð þess vör að það vantaði skráningu frá ÆSKP ákváðu þau að hringja og athuga hvað væri um að vera og sem betur fer svo misskilningurinn var leiðréttur, en það sýnir okkur hversu mikilvægt það er fyrir samfélag hinsegin fólks að vita að kirkjan sé til staðar.

HAUSTNÁMSKEIÐ

ÆSKP og ÆSKR héldu haustnámskeið fyrir leiðtoga í samvinnu við Biskupsstofu. Í ár var boðið upp á skyndihjálparnámskeið frá Rauða krossinum. Námskeiðið fór fram 26. ágúst og var haldið Háteigskirkju. Allir þátttakendur fengu að námskeiði loknu vottun um að hafa klárað 4 tíma skyndihjálparnámskeið og gildir sú vottun í tvö ár.

LANDSMÓT ÆSKP

Landsmót ÆSKP var haldið á Ólafsvík 25-27. október 2019. Landsmótsstjóri var Óskar Ingi Óskarsson. Þema mótsins var Skapandi Landsmót. Yfirskriftin vísar til þess að í ár var horft til þess sem við getum gert, kraftinn sem býr innra með okkur og æfuðum okkur í að virkja hæfileikana okkar í gegnum leiki, verkefni og listir. Allskonar smiðjur voru í boði þar svo hver og einn þátttakandi hafði kost á að velja það sem heillaði mest. Þetta fyrirkomulag gekk frábærlega upp, en það var ekki síst vegna þess að í leiðtogahópnum eru ótrúlega öflugir og hæfileikaríkir einstaklingar.

Framkvæmd mótsins og undirbúningur fyrir það gekk vel. Aðstaða á Ólafsvík var til fyrirmyndar og hentaði mótinu vel. Hinsvegar hefðu ekki mátt vera fleiri þátttakendur án þess að við hefðum lent í vandræðum með gistiþláss. Við nýttum nokkur rútufyrirtæki til að koma hópnum á staðinn. Það gekk að mestu leyti vel en smá seinkun varð á komu hópana á Ólafsvík annarsvegar vegna hálfu og hinsegar vegna bilunar sem þurfti að laga á leiðinni.

Allt samstarf við heimamenn var gott og tók bæjarfélagið ákaflega vel á móti okkur. Óskar sá um mest öll samskipti við samfélagið og kunnum við honum bestu þakkir fyrir. Veikindi höfðu töluverð áhrif á störf landsmótsnefndar yfir helgina en maður kom í manns stað og öll verkefni voru leyst þrýðis vel.

Stór hluti af dagskránni fór í félagsheimilinu Klifi. Þar var allt til fyrirmyndar, gott svið, hljóðkerfi, stólar og borð. Kvennfélagið á staðnum er líka vant því að vinna í húsinu og því gengu matartímar eins og í sögu. Maturinn var líka til fyrirmyndar, en það var áður nefnt kvennfélag sem sá um hann. Þó þarf að hafa í huga að bæta merkingar í tengslum við sérfaði og passa að þeir sem sjái um matinn hafi skilning á mismunandi fæðuþoli.

Á dagskránni voru fastir liðir eins og sundlaugapartý, ball, kvöldvökur, hæfileikakeppni og messa. En einnig var boðið uppá fjölbreytt hópastarf þar sem hægt var að fá DJ kennslu, hárgreiðslukennslu, fara í jóga, myndlist, söng, sund zumba, spil og margt fleira.

Þátttakendur voru til fyrirmyndar og sérstaklega má hrósa þeim fyrir góða umgengni og virka þátttöku á mótinu. Leiðtogahópurinn er líka einstaklega vel saman settur. Ofboðslega flott fólk í hverri stöðu sem gaman er að vinna með. Í svona góðum hóp eru vandamál varla til og það gerir alla framkvæmd á mótinu svo þægilega.

LEIÐTOGASKÓLINN

Farskóli leiðtogaefna hefur um árabil verið fastur liður í leiðtoga þjálfun kirkjunnar og hefur fyrir löngu sannað sig sem mikilvægur þáttur í nýliðun og eflingu æskulýðsstarfs. Farskólinn er metnaðarfullt verkefni sem byggist upp á tíu samverum á ári í tvö ár, þar sem þátttakendur læra að bera ábyrgð á æskulýðsstarfi, hvernig bregðast skuli við aðstæðum sem upp geta komið og margt fleira.

Farskólinn hefur í vetur verið starfræktur í Reykjavík fyrir ungleiðtoga í samstarfi við ÆSKR,

Kjalarnessprófastsdæmi og biskupsstofu og á austurlandi og norðurlandi í samstarfi við ÆSKA, ÆSKEY og biskupsstofu.

Í ár munu 17 nemendur útskrifast úr farskólanum af höfðuborgarsvæðinu og 20 nemendur af norður og austurlandi. Magnea Sverrisdóttir leiðir skólann í Reykjavík, en Jóhann Þorsteinsson Hjaltdal leiðir verkefnið fyrir norðan/austan.

Virðingarfyllst,
Jónína Sif Eypórsdóttir
Framkvæmdastjóri ÆSKP